

Til Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis.
Frá stjórn Prestafélags Íslands.

Á Snæfellsnesi, 15. desember 2016.

Umsögn vegna frumvarps til laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (breyting á A-deild sjóðsins), 6. mál.

Stjórn Prestafélags Íslands fagnar því að nú skuli stefnt að því að rétta við fjárhagsvanda Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins með fjárframlagi frá ríkissjóði. Á sama tíma virðist sem ætlunin sé að opna fyrir þann möguleika að þeir sjóðsfélagar sem tilheyra A-deild sjóðsins, bæði núna og þeir sem bætast við í framtíðinni, verði fyrir skerðingu áunninna réttinda komi upp aðstæður í rekstri sjóðsins sem kalla á það.

Stjórn Prestafélags Íslands harmar að ætlunin sé að breyta umsömdum lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna og þ.á m. presta.

Það er mat stjórnar Prestafélags Íslands að hér sé um að ræða skerðingu á starfsbundnum kjörum presta og hluti af þeirri launavernd sem m.a. prestar hafa notið án þess að nokkuð komi í staðinn annað en fjárframlag sem réttir við fjárhagsstöðu sjóðsins og án þess að tryggt sé að sú skerðing sem þessu mun fylgja verði bætt með öðrum hætti.

Það er hlutverk stjórnar Prestafélags Íslands að standa vörð um réttindi félagsmanna sinna og getur stjórnin því ekki stutt umrætt frumvarp í þeirri mynd sem það er lagt fram.

Stjórn Prestafélags Íslands er að sjálfsögðu reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar til þess að ræða nánar afstöðu sína í þessu máli og veita frekari upplýsingar verði eftir því leitað.

Með virðingu,
f.h. stjórnar Prestafélags Íslands,

Páll Ágúst Ólafsson,
Kjaramálafulltrúi PÍ.